

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *13. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 18. janúar 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf frá Landgræðslunni dags. 18. des. Samningur um landgræðslugirðingu í Reykjahlíð.
3. Bréf frá Landgræðslunni dags. 18. des. Samningur um uppgræðslu á Austurafrétt.
4. Bréf frá Héðni Sverrissyni dags. 9. janúar.
5. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 28. des.
6. Bréf frá landeigendum Grímsstaða dags. 8. jan.
7. Bréf frá Sólveigu Erlu og Jóni Inga Hinriksbörnum dags. 17. jan.

Til kynningar.

Fundargerð Eypings dags. 15. des.

Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum.

Fundargerð samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða dags. 10. jan.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsnets dags. 2. janúar v/Kröflulínu 2.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6 og 7, yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá Landgræðslunni dags. 18. des. Samningur um landgræðslugirðingu í Reykjahlíð.

Borist hefur bréf frá Landgræðslu ríkisins þar sem segir að skv. samningi sem gerður var 1989 um landgræðslu í nágrenni Reykjahlíðar hafi Landgræðslan sett upp girðingu um þéttbýlið í Reykjahlíð og girt þrjú beitarhólf fyrir fjáreigendur. Landgræðslan hefur til þessa séð um og kostað viðhald á girðingunni umhverfis þéttbýlið, og innan girðingar hafa verið grædd upp svæði sem ógnað var af uppblæstri.

Landgræðsla ríkisins óskar eftir viðræðum við sveitarstjórn um fyrirkomulag þessa samstarfs, þar sem m.a. verður rætt um aðkomu sveitarfélagsins að viðhaldi girðingarinnar, sé það vilji sveitarstjórnar að girðingunni verði haldið víð í óbreyttir mynd.

Sveitarstjórn samþykkir að eiga sem fyrst viðræður við Landgræðsluna, en mun jafnframt boða á þann fund fulltrúa frá landeigendum Reykjahlíðar.

3. Bréf frá Landgræðslunni dags. 18. des. Samningur um uppgræðslu á Austurafrétt.

Borist hefur bréf frá Landgræðslu ríkisins. Í bréfinu þakkar Landgræðslan sveitarstjórn fyrir samstarfið vegna samnings sem unnið hafi verið eftir frá árinu 1989. Jafnframt segir að sú uppgræðsla sem ráðist hafi verið í á samningstímanum hafi skilað sér í miklum árangri og sjá megi merki þess á Hlíðardal um Heiðarsporð, allt að Hverfjalli og víðar. Í bréfinu er einnig vitnað í jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna og breytta áherslu á störfum stofnunarinnar og þessu samkomulagi milli Landgræðslu ríkisins og Skútustaðarhepps um uppgræðslu á landi austan landgræðslugirðingar í Reykjahlíð, frá 20. október 1989, sagt upp.

Sveitarstjórn hvarf uppsögn Landgræðslunnar á samningnum og óskar eftir að hann verði ræddur á fyrirhuguðum fundi sveitarstjórnar og Landgræðslunnar.

4. Bréf frá Héðni Sverrissyni dags. 9. janúar.

Borist hefur bréf frá Héðni Sverrissyni. Óskað er eftir að sveitarstjórn taki málefnalega afstöðu til uppbyggingar á ferðaþjónustu á Geiteyjarströnd 1, á svæði sem merkt er ferðaþjónustusvæði á áður innsendu erindi. Í bréfinu segir einnig að á býlinu Geiteyjarströnd 1 hafi verið rekin þjónusta við ferðafólk til margra ára, m.a. með útleigu húsnæðis. Fallið er frá umsókn um svæði fyrir frístundabyggð á vatnsbakka Mývatns, en óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar fyrir slíku svæði, allt að 10 ha. austan þjóðvegur. Bréfritari vekur athygli á reglugerð nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár sem sé í fullu gildi. Þar er tekið fram skv. 2gr. 3.mgr. að heimila skuli framkvæmdir sem nauðsynlegar og æskilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að mati náttúruverndarráðs.

Í svari sveitarstjórnar við áður innsendu erindi dags. 8. desember sl. kom fram hvers vegna sveitarstjórn taldi sig ekki geta orðið við ósk um aðalskipulagsbreytingu á Geiteyjarströnd 1. Þar kom einnig fram að sveitarstjórn væri tilbúin til að endurskoða afstöðu sína ef fyrirhuguð framkvæmdasvæði væru færð út fyrir 200m. línu frá vatnsbakka. Ekki hefur verið sýnt fram á að svo sé og því stendur fyrri ákvörðun sveitarstjórnar. Þegar

ný lög eru sett þá halda eldri reglugerðir gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum hinna nýju laga. Svigrúm bænda innan 200m. er því þrengrt að þessu leyti með nýju lögunum. Varðandi 10 ha. frístundahúsasvæði austan Þjóðvegjar óskar sveitarstjórn eftir afstöðumynd þar sem ekki er hægt að taka ákvæðum um slíkt nema mynd fylgi. Það kemur sveitarstjórn á óvart að á Geiteyjarströnd 1, hafi til margra ára verið rekin þjónusta við ferðafólk með útleigu húsnæðis þar sem leyfi fyrir slíkri þjónustu var fyrst fengið árið 2006.

5. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 28. des.

Í öðrum lið fundargerðarinn segir að þar sem sveitarstjórn hafi óskað eftir því við Atvinnumálanefnd að hún komi að vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins þá óski nefndi eftir umboði sveitarstjórnar til að ræða við fulltrúa allra landeigenda í Skútustaðahreppi, um hvaða sýn þeir hafi á nýtingu jarða sinna í framtíðinni. Jafnframt að sveitarstjóri sjái um að boða til funda með landeigendum.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Einnig vill sveitarstjórn vekja athygli íbúanna á því að í kjölfar vinnu við skipulagsgerðina verður haldið íbúafundur þar sem íbúum sveitarfélagsins verður gefin kostur á að koma sínu hugmyndum á framfæri. Fólk er því hvatt til að velta fyrir sér, hvernig framtíðarskipulag sveitarfélagsins eigi að vera

6. Bréf frá landeigendum Grímsstaða dags. 8. jan.

Borist hefur bréf frá Elínu Steingrimsdóttur og Erlingi Ragnarssyni f.h. landeigenda Grímsstaða. Þar er óskað svara við stöðu aðalskipulagsbreytingar sem eigendur Grímsstaða óskuðu eftir og tekin var til afgreiðslu og samþykkt á fundi sveitarstjórnar 17. ágúst sl. Einnig segir í bréfinu að 25. september sl. hafi verið tekið fyrir bréf frá Landeigendum Reykjahlíðar þar sem þeir mótmæla afgreiðslu sveitarstjórnar á áður nefndu erindi, þar sem umrætt landsvæði sé að stærstum hluta innan landamerkjara Reykjahlíðar og óska þeir eftir að eigendum Grímsstaða séu kynnt mótmælin. Sveitarstjórn samþykkti erindi landeigenda Reykjahlíðar. Landeigendur Grímsstaða vilja svar við því hvort sveitarstjórn var að samþykkja að umrætt land væri innan Reykjahlíðar eða að kynna eigendum Grímsstaða mótmælin. Bréfritarar segja það með ólíkindum að hægt sé að stöðva framkvæmdir með því að slá eign sinni á umrætt land án þess að þurfa að sanna eignarrétt sinn á því. Einnig segir að í landamerkjalyfingu Grímsstaða og Reykjahlíðar komi nákvæmlega fram hvar merkin séu og að sveitarstjórnarmenn ættu að geta kynnt sér það. Fjöldi utanaðkomandi manna hafi einnig lýst því yfir hvar merkin séu. Óska eigendur Grímsstaða er eftir svari við tveimur spurningum.

1. Hvernig standa þessi mál í dag?
2. Hvenær verða landeigendum Grímsstaða kynnt mótmælin?

Þegar sveitarstjórn samþykkti beiðni landeigenda Grímsstaða um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps hafði sveitarstjórn ekki forsendur til að ætla annað en að umrætt landsvæði væri innan landamerkjara Grímsstaða. Þegar landeigendur Reykjahlíðar mótmæltu þeirri samþykkt gat sveitarstjórn ekki annað en tekið tillit til þess. Það er alveg rétt að í landamerkjaskrá Grímsstaða og Reykjahlíðar kemur skýrt fram að merkjalínan liggja um Flatskalla og ekki er vitað til þess að ágreiningur sé milli landeigenda um það.

Hins vegar virðast menn ekki sammála um hvar Flatskalli er, því getur sveitarstjórn ekki svarað né úrskurðað um. Sveitarstjórn veit til þess að landeigendur Grímsstaða og Reykjahlíðar hafa beint ágreiningi sínum til Sýslumanns. Bíða verður eftir niðurstöðu í ágreiningi þessum áður en lengra er haldið. Þannig stendur málið í dag. Hvað varðar seinni spurninguna þá eru það misstök af hálfu sveitarstjóra að hafa ekki sent landeigendum Grímsstaða bókun sveitarstjórnar frá fundi 25. september bréflaga og er beðist afsökunar á því.

7. Bréf frá Sólveigu Erlu og Jóni Inga Hinriksbörnum dags. 17. jan.

Borist hefur bréf frá Sólveigu Erlu og Jóni Inga Hinriksbörnum, þar sem spurt er hvað líði breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps sem sent var til staðfestingar hjá Umhverfísráðherra í lok júní. Í bréfinu kemur fram að sótt hafi verið um breytingu á aðalskipulagi austan Stórarjódurs í apríl 2005 og málið því búið að taka langan tíma. Jafnframt að deiliskipulag sem auglýst var um mitt ár 2006 og engar athugasemdir bárust við hafi ekki verið samþykkt í sveitarstjórn. Spurt er hvort sveitarstjórn finnist ásættanlegt að skipulagsmál í sveitarfélaginu taki svona langa tíma og hvort að þeir sem áhuga hafa á að framkvæma og reyna að koma á fót atvinnustarfsemi þurfi að bíða í hálf tann ári eða lengur.

Ástæða þess að deiliskipulagstillaga sem auglýst var um mitt sumar hefur ekki verið samþykkt í sveitarstjórn er vegna þess að á svæðinu er ekki staðfest aðalskipulag.

Sveitarstjórn getur svarað því til að auðvitað er það ekki ásættanlegt að skipulagsmál skuli taka jafn langan tíma og raun ber vitni. Það virðist hins vegar ekkert kveða á um það í Skipulags og byggingarlögum hvað ráðherra hafi langan tíma til að staðfesta eða synja staðfestingu á skipulagstillögu. Margoft hefur verið gengið eftir svari en því miður án árangurs. Vinna við skipulag er skv. lögum langt ferli sem við fáum ekki breytt. Það er vel þekkt að skipulagsferli í Skútustaðahreppi taki að jafnaði miklu lengri tíma en hjá öðrum sveitarfélögum og lítil breyting virðist hafa orðið þar á þrátt fyrir breytingu á lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár. Kristján tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.